

Ágætu nemendur (see English below).

Nú erum við í þriðju kennsluviku og löngu tímarnir eftir hádegi kenndir í MH. Í næstu viku mun skipulagið breytast, þ.e. í fjórðu kennsluviku. Nemendur munu mæta í MH í alla tíma 8:10-12:35 samkvæmt sinni stundatöflu. Líkamsrækt verður áfram með sama sniði og undanfarnar vikur. Ef kennarar tilkynna annað fyrirkomulag ber að fylgja því, t.d. í hússtjórn, skák, kór, sænsku og norsku þar sem öll kennsla fer fram eftir hádegi. Í fimmtu kennsluviku verður skipulagið þannig að nemendur sækja alla tíma í MH eftir hádegi (þ.e. 13:05-16:15). Aðrir tímar í stundatöflu utan þeirra sem eru sóttir í skólanum verða í gegnum rafrænt kennsluumhverfi skólans, þ.e. INNU, TEAMS, o.fl. Skipulagið er því vika fjögur kennd fyrir hádegi í MH og vika fimm kennd eftir hádegi í MH.

Þar sem búið er að leyfa allt að 200 manns í sama rými þá hafa sóttvarnarhólf skólans verið endurskoðuð og eru allar upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu skólans undir COVID-19 hna ppnum. Það á að fara út úr skólanum til að komast á milli hólfra og gangar eru fyrst og fremst ferðarými. Nemendur sem eru í götum geta nýtt bókasafn, Matgarð og Miðgarð meðan rými leyfir. Þessi rými eru aðeins fyrir nemendur í götum en ekki til að nota í frímínútum.

Ég minni á mikilvægi þess að nemendur lesi vel allar upplýsingar á heimasíðunni. Annars vil ég ítreka að fyrirmæli almannavarna og sóttvarnarlæknis eru í stöðugri endurskoðun og því geta aðstæður skyndilega breyst.

Kær kveðja
Steinn

Dear students.

We are now in the third week of teaching and the setup will change in the fourth week. Students will attend classes in MH at all times until 12:35, except in physical education, which will continue in the same format as in recent weeks. If teachers announce another arrangement, it should be followed, e.g. in housekeeping, chess, choir, Swedish and Norwegian where all teaching takes place in the afternoon. In 5th week, students will attend school in the afternoon (13:05-16:15). Other hours in the timetable outside of those mentioned will be through the school's Learning Management System, ie. INNU.

As up to 200 people have been allowed in the same space (room), the school's quarantine compartments will be reviewed and all information will be accessible on the school's website under the COVID-19 button. It is obligatory to go out of school facilities to get from one compartment to another. Students can use the library, Matgarð and Miðgarð as long as space allows. Those spaces are not for students to gather together or use between classes.

I remind students to read carefully all the information posted on the website and information from teachers.

Otherwise, I would like to reiterate that the instructions from authorities are under constant review and therefore circumstances can suddenly change.

Best regards,
Steinn